



Akureyri, 27. mars 2023

Efni: Umsögn Akureyrarbaerjar um tillögur um breytingar á lögum um Jöfnunarsjóð sveitarfélaga

Akureyrarbaer fagnar framkomnum tillögum um breytingar á lögum um Jöfnunarsjóð sveitarfélaga og lýsir sig sammála meginmarkmiðum breytinganna. Það er vandasamt að vinna tillögur sem öll 64 sveitarfélög landsins verða ánægð með en tillagan er að mati Akureyrarbaerjar góð til þess að bæta gæði jöfnunar, einfalda útreikninga og skipulag sjóðsins og þannig að hann þjóni sveitarstjórnarstiginu.

Hlutverk Jöfnunarsjóðs sveitarfélaganna er að jafna mismunandi útgjaldapörf og skatttekjur sveitarfélaga með framlögum úr sjóðnum og að sveitarfélögin standi á jafnari grunni að teknu tilliti til land- og lýðfræðilegra þátta og fjárhagslegs styrks, þannig að þau verði færari um að sinna lögbundnum verkefnum sínum. Breytingunum er ætlað að styðja við meðalstór og fjölkjarna sveitarfélög og ekki síst að styðja við þróun sveitarstjórnarstigsins. Það er augljóst samkvæmt útreikningum Jöfnunarsjóðs að vægi útgjaldastuðulsins lækkar hratt á íbúabilinu 6-10 þúsund. Það er skoðun Akureyrarbaerjar að útgjaldastuðullinn ætti ekki að lækka svo skart við 10 þúsund íbúamarkið heldur ætti að miða t.d. við 40 þúsund. Það ætti að vera öllum ljóst að sveitarfélögin eru of mörg í dag. Bæði þjónustusvæði barnaverndar og málaflokks fatlaðs fólks miðuðu við að þau væru annars vegar 6 þúsund íbúar og hins vegar 8 þúsund íbúar sem stæðu á bak við þjónustuna. Það væri skynsamlegt að miða við þá tölu sem lágmarksíbúafjölda sveitarfélaga, nema ef landfræðilegar aðstæður hindri þá leið. Það væri æskilegt að lög um Jöfnunarsjóð sveitarfélaga styddu við það og eflðu þar með sveitarstjórnarstigið og stuðluðu að þróun þess.

Akureyrarbaer fagnar því sérstaklega að ríkisvaldið skilji það hlutverk og þá ábyrgð sem Reykjavíkurborg og Akureyrarbaer bera á lands- og svæðisvísu með því að setja fram tillögu þess efnis að Jöfnunarsjóður eigi að styðja við hlutverk þessara tveggja sveitarfélaga sérstaklega.